

Tólf rithöfundar skrifa um 16 myndlistarmenn

BÓKAÚTGÁFAN Hildur (Gunnar Þorleifsson) er með í útgáfu listaverkabók í stóru broti, þar sem efnid er æviágrip og listaferill 16 núlifandi íslenskra myndlistarmanna. Tólf rithöfundar hafa samið textana, en forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, rit-

ar formála.

Í frétt frá útgáfunni segir m.a.: „Fjöldi mynda í litum og svart-hvítu af verkum listamannanna prýða bókina og auk þess myndir af þeim sjálfum.“

Eins og fram kemur í upptalningunni hér á eftir er hér um þjóðkunna listamenn að ræða. Allir eru þeir á miðjum aldri, af kynslóð sem sett hefur svipmót sitt á eitt skeið í íslenskri myndlist, enda þótt hver þeirra um sig hafi sín sérkenni.“

Myndlistarmenn: höfundar:
Alfred Flóki Jóhann Hjálmarsson
Ásgerður E. Búadóttir Guðbjörg Kristjánsd.
Baltasar Árni Bergmann
Bragi Ásgeirsson Matthías Johannessen
Einar Baldvinsson Jóhann Hjálmarsson
Einar Hákonarson Sigurður A. Magnússon
Eiríkur Smith Indriði G. Þorsteinsson
Gunnar Örn Gunnarsson Adalsteinn Ingólfsson
Hringur Jóhannesson Bera Norðdal
Jón Gunnar Arnason Guðbergur Bergsson
Leifur Breiðfjörð Adalsteinn Ingólfsson
Magnús Tómasson Þorsteinn frá Hamri
Ragnheiður Jónsdóttir Thor Vilhjálmsson
Vilhjálmur Bergsson Baldur Óskarsson
Þorbjörg Höskuldsd. Þorsteinn frá Hamri
Setningu hefur Texti hf. annast, litgreiningu og prentun Grafík hf., bókband Félagsbókbandið og ljósmyndun Leifur Þorsteinsson.

Hagsýslustjóri:

Magnús Pétursson settur í stað Gísla Blöndal

SAMKVAEMT ósk Gísla Blöndal, hagsýslustjóra ríkisins, hefur forseti Íslands veitt honum lausn frá embætti frá og með 1. nóvember 1981. Hefur Gísli verið ráðinn til starfa við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í Washington. Frá sama tíma hefur Magnús Pétursson, skrifstofustjóri í fjárlaga- og hagsýslustofnun, verið settur hagsýslustjóri ríkisins, en embættið mun síðar verða auglýst laust til umsóknar, eins og lög gera ráð fyrir.

Íslenska óperan:


Árni Reynisson ráðinn framkvæmdastjóri

ÁRNI REYNISSON hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Íslensku óperunnar, og tók ráðning hans gildi hinn 1. október sl. Í frétt frá Óperunni, sem Morgunblaðinu hefur borið, segir svo meðal annars um ráðningu framkvæmdastjórans:

Í júlí og ágúst á liðnu sumri auglýsti Íslenska óperan eftir framkvæmdastjóra sem taka skyldi til starfa hinn 1. október á

þessu hausti. Hinn 1. september síðastliðinn, en þá rann auglýstur umsóknarfrestur út, höfðu stjórn óperunnar borið sjö umsóknir um framkvæmdastjórastarfið. Og á fundi sínum 29. september samþykkti stjórnin að ráða Árna Reynisson framkvæmdastjóra Íslensku óperunnar frá 1. október 1981.

Árni Reynisson fæddist í Reykjavík árið 1941, sonur Reynis kaupmanns Eyjólfssonar og Guðrúnar E. Guðmundsdóttur frá Tannanesi í Önundarfirði. Hann stundaði nám í Menntaskólanum í Reykjavík um eins vetrar skeið, en síðan í Samvinnuskólanum og lauk þaðan prófi 1961. Hann var sölumaður og síðar sölustjóri í Bifreiðadeild Sambands íslenskra samvinnufélaga frá 1961 til 1966. Þá varð hann um skeið framkvæmdastjóri viðskipta hjá Flugvísun hf., en síðan forstöðumaður upplýsingaskrifstofu Verzlunarráðs Íslands til 1970 er hann gerðist framkvæmdastjóri Landverndar. Frá 1972 til 1978 var hann framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs. Eiginkona Árna er Anna S. Bjarnadóttir frá Hörgslandi á Síðu, og eiga þau hjónin tvær dætur.



Árni Reynisson

Talsvert um bjöllur í rúgmjöli

NOKKUR brögð hafa verið að því að undanförunu að vart hefur orðið við mjölbjöllur í rúgmjöli, sem notað hefur verið til sláturgerðar nú í haust. Að sögn Haralds Þórðarsonar, meindýraeyðis, er þetta fremur algengt, en bjöllurnar eru meínlitlar og angra fólk ekki, en þeim getur fjölgað mjög ört og leggjast þá gjarnan á matvæli.

Haraldur sagði, að það virtist vera að aukast að bjöllur væru í rúgmjöli og stafaði það sennilega af því að minna er nú gert að því að eitra fyrir bjöllur á rúgökum. Því væru oft lifur í rúgmjölinu og væri það geymt, yrðu þær ein-

faldlega að bjöllum, sem fjölguðu sér mjög ört. Því væri réttast að henda því mjöli, sem af gengi við sláturgerð í stað þess að geyma það. Bjöllurnar legðust að vísu ekki á fólk, en þættu ekki sérlega góðir gestir í matargeymslum. Sagði hann að tiltölulega auðvelt væri að útrýma bjöllum í heima-húsum, til þess notaði hann úða sem gasloft myndaðist af. Það væri fljótvirkt og árangursríkt og dræpi kykvendin mjög fljótt. Það væri síðan skaðlaust manninum eftir þrjá tíma, en koma þyrfti matvælu frá á meðan og gæta þess að þvo mataráhöld og annað, sem notað er til matargerðar, eftir að eitrið hefur verið notað.



Aldraðir Reykvikingar við spil í Oddfellow-húsinu í gær.

Ljós. Mbl.: Emília.

Aldraðir fá aðstöðu í Oddfellow-húsinu

NÝR ÞÁTTUR í félagsstarfi aldraðra í Reykjavík hófst í gær í Oddfellow-húsinu við Vonarstræti og verður þar opið hús á mánudögum kl. 13–17 fyrst um sinn, að því er segir í fréttatilkynningu frá Félagsmálastofnun Reykjavíkur. Þar segir enn fremur að um tíma hafi skort húsnæði

fyrir félagsstarf í mið- og vesturbæ, en með tilkomu þessa nýja húsnæðis sé það von starfsfólks að aldraðir noti þessa aðstöðu sem mest.

Sumarstarfi Félagsmálastofnunar Reykjavíkur fyrir eldri borgara er nýlega lokið. Mikil þátttaka

var í sumarstarfinu sem endræn. Segir í fréttatilkynningu Félagsmálastofnunarinnar að farnar hafi verið 12 dagsferðir á sumrinu og 1 tveggja daga ferð að Mývatni og til Akureyrar og fullskipað hafi verið í alla sumarorlofsdaga að Löngumýri. Auk þessa voru farnar 3 sólarlandaferðir.

HANDLÓÐ

Vinylhúðuð


2x2 kg í setti kr. 162.00

2x4,5 kg í setti kr. 250.00

2x1,3 kg og lóðaskór í setti kr. 380.00

Handlóð með lausum lóðum. Verð fer eftir þyngd lóða. Handlóðin eru mjög hentug líkamsræktartæki, bæði fyrir karla og konur á öllum aldri.

Þú munt njóta góðs af líkamsþjálfuninni ævilangt og verða hreykin(n) af vel þjálfuðum og vel byggðum líkama þínum.



Æfingakerfi fylgir hverju handlóðasetti. Æfingunum hefur verið ráðað saman af sérfræðingum á sviði líkams- og heilsu-ræktar með það fyrir augum að bæta líkamsvöxt þinn, gera þig gressni og vöðvameiri fyrir tilstilli nýjustu þjálfað-ferða.

Handlóðin eru fyrirferðarlítill og auðveld í með-förum. Þú getur æft þig í svefnherberginu, baðherberginu, á vinnustað eða hvar sem þú getur teygð úr þér í allar áttir.

Taktu af skarið, byrjaðu skipulagða líkamsrækt í dag.

Pöntunar- og upp-lýsingasími 44440

Sendu mér ... kg handlóðasett kr. ... + sendingarkostnað.

Nafn

Heimilisfang

Póstverslunin HEIMAVAL, Box 39, 202 Kópavogur.